



Kópavogi, 9. júní 2021
LDG

MINNISBLAÐ

Til: Sviðsstjóra stjórnsýslusviðs

Frá: Líneyju Dan Gunnarsdóttur, laganema, lögfræðideild.

Efni: Drög að nýrri samþykkt um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Verkefnið:

Undirritaðri hefur verið falið að taka saman minnisblað um helstu breytingar sem gerðar eru á núverandi samstarfssamningi um heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, með drögum að nýrri samþykkt um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Lagagrundvöllur:

Um heilbrigðiseftirlit- og heilbrigðisnefnd sveitarfélaga, fyrirkomulag og starfshætti þeirra, gilda lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 (lhm.) Á grundvelli laganna er sett reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

Samantekt:

Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 skulu sveitarfélög hafa heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisnefnd sem eru undir eftirliti Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefnd er skilgreind sem eftirlitsaðili viðkomandi sveitarfélags og skal kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar og starfa á hverju eftirlitssvæði. Heilbrigðisnefnd skal sjá um að ákvæðum laga, reglugerða og samþykkt sé framfylgt. Heilbrigðisnefnd ræður framkvæmdarstjóra og heilbrigðisfulltrúa sem annast heilbrigðiseftirlit í umboði heilbrigðisnefndar. Eitt af hlutverkum heilbrigðisnefndar er að semja drög að samþykktum sveitarfélags sem lagðar eru fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

Málavextir:

Með þessari samþykkt eru lagðar til nokkrar breytingar á eldri samstarfssamningi um heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.



Aðild

Lagt er til að öll sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins (þ.e. að frátaldri Reykjavíkurborg), muni eiga samstarf um heilbrigðiseftirlit. Aðild að fyrri samstarfssamningi áttu Bessastaðahreppur, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður og Kópavogsbær. Heimili og varnarþing verður eftir sem áður í Garðabæ.

Kosning nefndarmanna

Samkvæmt eldri samstarfssamningi skal kjósa fimm menn í heilbrigðisnefnd, þannig að einn fulltrúi komi frá Garðabæ, tveir frá Hafnarfjarðarkaupstað og tveir frá Kópavogsbæ (2-2-1). Með hinni nýju samþykkt er lagt til að hvert framangreint sveitarfélag fái tilnefndan einn fulltrúa í heilbrigðisnefnd og einn til vara. Eftir sem áður er lagt til að formaður og varaformaður skuli kosnir til tveggja ára í senn og skulu þær tilnefningar skiptast milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Kópavogsbæjar.

Fundir heilbrigðisnefndar

Samkvæmt eldri samstarfssamningi skal heilbrigðisnefnd funda svo oft sem þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Lögð er til sú breyting að heilbrigðisnefnd skuli halda fundi *eftir þörfum* og er ekki skylt að funda að lágmarki einu sinni í mánuði. Nefndarfundur er ályktunarhæfur ef þrír nefndarmenn eru viðstaddir fundinn.

Hlutverk heilbrigðisnefndar

Í hinni nýju samþykkt er ítarlegri útlistun á hlutverki heilbrigðisnefndar, sem skal m.a. vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á sínu svæði, annast fræðslu fyrir almenning of.l., en þess var ekki *sérstaklega* getið í hinum eldri samstarfssamningi.

Framkvæmdarstjóri og heilbrigðisfulltrúi

Í hinni nýju samþykkt er hlutverk framkvæmdarstjóra skilgreint á ítarlegri hátt hvað varðar ábyrgð hans á ráðningu starfsmanna. Tekið er fram að framkvæmdarstjóra sé skylt að bera allar stefnumarkandi ákvarðanir undir heilbrigðisnefnd, en ekki er tekið fram að daglegur rekstur framkvæmdarstjóra nái ekki til ákvarðanna sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar, líkt og í eldri samstarfssamningi. Tekið er fram að framkvæmdarstjóri annist daglegan rekstur heilbrigðiseftirlitsins og sér um ritun ársskýrslu, ársreiknings og semur fjárhagsáætlun.

Til viðbótar umfjöllun um framkvæmdarstjóra er einnig fjallað um heilbrigðisfulltrúa í 6.gr. samþykktarinnar sbr. 49.gr. lhm., sem segir að á hverju eftirlitssvæði skuli ráða heilbrigðisfulltrúa til að annast eftirlit sveitarfélaganna, eftir því sem greinir í lögnum. Meðal verkefna heilbrigðisfulltrúa er útgáfa ákveðinna starfsleyfa samkvæmt reglugerðum nr. 550/2018 og 103/2010 ásamt samningu umsagna til sýslumanns varðandi rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði samkvæmt lögum nr. 85/200. Þá er einnig fjallað um heimildir framkvæmdarstjóra til að gefa út tóbakssöluleyfi. Samkvæmt 48.gr. lhm. er það heilbrigðisnefnd sem felur framkvæmdarstjóra og e.a. heilbrigðisfulltrúum afgreiðslu



einstakra mála í tilteknum málaflokkum sem heyra undir heilbrigðisnefnd. Ekki er að finna sambærilegt ákvæði í hinum eldri samstarfssamningi.

Árgjöld (fjármál og rekstur)

Í hinum eldri samstarfssamningi er ítarlega fjallað um tekjur heilbrigðiseftirlitsins sem koma frá framlögum þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að samningnum, ásamt sérstökum gjöldum sem innheimta má samkvæmt gjaldskrár en þar falla undir ýmis konar þjónustugjöld og gjöld sem innheimta má fyrir útgáfu leyfa og vottorða, skráningu rekstraraðila ásamt lögveðsgjöldum ofl. Þá er einnig fjallað sérstaklega um fjárhagsáætlun í hinum eldri samstarfssamningi og tekið fram að fjárhagsáætlun skuli skipta í rekstrar- og eignabreytingaráætlun og hún skal send aðildarsveitarfélögum eigi síðar en 1. október ár hvert. Ekki er að finna sambærilegt ákvæði í hinni nýju samþykkt, en þar kemur einungis fram í 5.gr. að framkvæmdarstjóri annist fjármál heilbrigðiseftirlisins, eins og fram hefur komið. Ekki er fjallað um tekjustofn sbr. 46.gr. lhm.

Breytingar á samþykktum

Samkvæmt eldri samstarfssamningi skal annars vegar endurskoða hann innan 10 ára frá undirritun hans og hins vegar er skylt að endurskoða samninginn ef aðildarsveitarfélag óskar þess. Breytingar taka gildi ef 2/3 hlutar aðildarsveitarfélaga samþykkja þær.

Í hinni nýju samþykkt er þessu breytt og kveðið á um að samþykki allra aðildarsveitarfélaga þurfi fyrir breytingum á samþykkt og er ekki ákvæði um endurskoðun hennar innan ákveðinna tímamarka.

Virðingarfyllst,

Líney Dan Gunnarsdóttir
Laganemi